

Akureyri, 30. apríl 2019

Umsögn Skólamálanefndar Félags framhaldsskólakennara um frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, þingmál 801 á 149. löggjafarþingi 2018-2019.

Frumvarpið sem nú hefur verið lagt fyrir vorþing er bæði óþarft og til óþurftar. Kennarar geta nú þegar kennt á öðrum skólastigum en þeir hafa leyfisbréf fyrir og frumvarpið gerir ekkert til þess að laga atgervisflóttann úr kennarastéttinni sem er brýnasta verkefnið í menntamálum þjóðarinnar. Ákvæði í frumvarpsdrögum um menntun og hæfni kennara verða beinlínis til þess að gjaldfella fagmenntun í landinu og bera í sér grundvallar stefnubreytingu í menntamálum þjóðarinnar.

Stjórnvöld hafa boðað stórsókn í menntamálum, framfarir, nýsköpun og þróun. Slík sókn ætti að fela í sér metnað til þess að efla kennara í starfi, styðja á allan hátt við starfsþróun og alvöru samkeppni um vel menntað og hæft fólk í kennslu allra greina. Í staðinn bendir frumvarp menntamálaráðuneytisins til þess að ekki verði gripið til alvöru aðgerða við kennaraskorti og að kröfur um fagmenntun verði minnkaðar. Slíkt getur ekki skoðast öðruvísi en meiriháttar stefnubreyting í menntamálum sem gengur í berhöggi við fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar.

Skólamálanefnd Félags framhaldsskólakennara skorar á Allsherjar- og menntamálanefnd að fresta afgreiðslu þessa frumvarps og boða þess í stað til almennrar umræðu um það hvernig skólakerfi þjóðin vill.

Að öðru leyti lýsir Skólamefnd Félags framhaldsskólakennara við fullum stuðningi við alla liði í umsögn Félags framhaldsskólakennara sem send var á nefndasvið Alþingis þann 30. apríl 2019.

Fyrir hönd Skólamálanefndar Félags framhaldsskólakennara,

Guðjón Hreinn Hauksson,

framhaldsskólakennari,

formaður skólamálanefndar

og varaformaður Félags framhaldsskólakennara